

Á morgun kl. 16 verður opnuð þriðja sýningin í röðinni Þetta vil ég sjá í Gerðubergi. Í þetta sinn velur Vigdís Finnbogadóttir verkin sem hana langar til að sjá – og þau eru öll eftir konur. Vigdís var á faraldsfæti vikurnar fyrir opnun og erfitt að negla hana niður í viðtal; til dæmis var hún búin að lofa að opna sýningu á málverkum Kjarvals í safninu í Holte á Sjálandi í dag, daginn áður en hún opnar sína eigin sýningu. Við þurftum þess vegna að sæta lagi þegar hún var heima seinast og stefna henni í hús einnar listakonunnar, Kristjönu Samper, til að fá mynd af henni með einu listaverkinu sem hún valdi. Undir ljúffengum hádegisverði með brauði, ólífum og súrsuðum pistilhjörtum spurðum við Vigdís: Hvers vegna bara konur?



Kristjana Samper og Vigdís Finnbogadóttir standa við verk Kristjönu, Stein arnarins, sem verður á sýningunni í Gerðubergi. Á því er egypskur kross og arnarhöfuð, en í egypskum fræðum segir að með vænghafi sínu og frjálsu flugi í háloftunum losi örninn sálirnar úr fjöturum jarðar eftir dauðann. Súlan er steypt utan um járnstöng og mótuð með höndunum til að ná hreyfingu í hana. Arnarhöfuðið er úr brenndum leir. Hausinn er kolsvartur vegna þess að hann er brenndur óglerjaður með rakú-tækni.

DV-mynd PÓK

Hjartað slær örar í námunda við myndlist

„Af því það eru svo margar öndvegislistakonur á Íslandi,“ svarar Vigdís að bragði. „Svo margar að mér var vandi á höndum þegar kom að því að velja á milli þeirra. Þegar ég fór að þrengja hringinn komst ég að því að ég gat sett mér það markmið að ég þekkti allar listakonurnar á sýningunni vel persónulega. Þær eru allar vinkonur mínar. Þegar ég valdi íslensk kvæði í bók um árið þá voru þar eingöngu kvæði eftir látin skáld nema hvað eitt skáld var fulltrúi lifenda. Það var Halldór Laxness. Þá gat enginn verið ósáttur við þessa viðmiðun mína.“

Sýningin verður afar fjölbreytt og skemmtileg því þar eru málverk, bæði olíumálverk og vatnslitamyndir – meðal annars myndir sem sú sérstæða og vinsæla Karólína Lárusdóttir málaði sérstaklega fyrir þessa sýningu – grafísk verk, þrívíð verk og ofin verk.

„Svo er ég að vona að þarna verði líka leikmynd af því mér þykir svo vænt um leikhúsið,“ segir Vigdís. Hún vissi ekki þegar viðtalið var tekið hvað yrði úr leikhúsinu á sýningunni en hafði beðið um verk eftir Messíönu Tómasdóttur. Nú er komið í ljós að Messíana lætur módelið af leikmynd sinni úr Maður lifandi eftir Árna Ibsen og Karólínu Eiríksdóttur sem sýnt var á litla sviði Borgarleikhússins síðastliðið vor. Auk þess verða fjórar brúður úr sýningunni, ljósmyndir og síður, rauður kjóll sem einnig var notaður í sýningunni.

Vigdís finnst hugmyndin að sýningaröðinni skemmtileg. „Þar gefst ágætt

tækifæri til að vekja athygli á listamönnum sem kannski eru ekki alltaf í sviðsljósinu. Til dæmis fannst mér gaman að Friðrik Þór skyldi velja verk eftir Hörð Ágústsson þegar hann valdi á þetta vil ég sjá á síðasta ári.“

Safnaði eftirprentunum í stað leikaramynda

– Hver voru fyrstu kynni þín af myndlist?

– Foreldrar mínir áttu verk eftir sína samtímamenn og ég fór ung að fara með þeim á myndlistarsýningar,“ segir Vigdís. „Ég fékk áhuga á myndlist um leið og fékk áhuga á Evrópumeningunni og þá var ég bara unglingur. Þó að það væri meira í tisku að safna leikaramyndum safnaði ég myndum af málverkum eftir impressjónista, expressjónista og jafnvel kúbista og hengdi á veggina í herberginu mínu. Ég var svo gagntekin að ég lagði heilmikið á mig til að hafa uppi á þessum eftirprentunum því það var erfitt að fá slíkt hér á stríðsárunum. Þær sem fengu komu frá Ameríku því Evrópa var lokuð. Alltaf síðan slær hjarta mitt örar í námunda við myndlist.“

Myndlistaráhugi minn tengist líka leikhúsahuganum því leiklistin er svo tengd myndlist,“ bætir hún við.

– Áttu þér eftirlætis myndlistarmenn?

– Venjulega er það sá síðasti sem heillaði mig!“

– Hver heillaði þig síðast?

– Ég sá nýlega stórskemmtilegar sýningar erlendis á verkum Magritte og Matisse – að ekki sé minnst á Erró – en ég get ómögulega tekið einn fram yfir annan. Ég

gæti til dæmis engan veginn valið eitt listaverk til að hafa með mér á eyðieyju! Ég er svo ákaflynd – ég myndi heimta að fá að hafa fimm eða tíu!“

Hrífum börnin með

– Hefurðu skoðun á því hvaða stefnu listasöfnin hér heima ættu að taka á komandi áratug? Áttu þér einhverjar óskir um það?

– „Mér finnst að þau ættu að reyna að hrífa börn og unglinga, kenna þeim að meta list og finna agann í gegnum listina. Leyfa þeim að uppgötva hvað listin gefur manni mikið. Það skiptir svo miklu máli að hæna þau ung að góðri list. Ég skoðaði nýlega ný húsakynni danska ríkislistasafnsins í Kaupmannahöfn, Statens museum for kunst, og kom þar í sérstakt herbergi fyrir börn. Þar var þá verið að spyrja hóp af börnum eftir hverju þau tækju í málverkunum sem var verið að sýna þeim, og þessi ungu börn þau fóru öll á flug af sannri innlifun. Listin upphéfur alla hugsun.“

Á sýningu Vigdísar eiga eftirtaldir listakonur verk: Hafdís Ólafsdóttir, Aðalheiður Valgeirsdóttir, Sigrún Eldjárn, Ásgerður Búadóttir, Sigrún Guðjónsdóttir (Rúna), Kristjana Samper, Ráðhildur Ingadóttir, Messíana Tómasdóttir, Hildur Hákonardóttir, Louisa Matthíasdóttir, Guðmunda Andréddóttir, Inga Ragnarsdóttir, Karólína Lárusdóttir, Olga Bergmann og Kristín Ísleifs. Sýningin stendur til 6. febrúar og húsið er opið mánud.-fimmtud. kl. 9–21, föstud. 9–19, laugard. og sunnud. 12–16.

Málþing um Sigurð Nordal

Um hvað fjallar bók Sigurðar Nordals, íslenzk menning? Hvernig var menningarumræðan á Íslandi 1942, þegar bókina kom út? Hvernig kemur ritið heim við umræður um evrópska þjóðernisstefnu þá og nú? Hver er afstaðan til fræða Sigurðar Nordals á okkar dögum?

Þessi efni verða til umræðu á málþingi sem Stofnun Sigurðar Nordals gengst fyrir um hið mikla rit Íslenska menningu eftir Sigurð Nordal í Norræna húsinu á morgun, laugardag, kl. 14. Þar flytja bókmenntafræðingarnir Ármann Jakobsson, Jón Karl Helgason og Kristján B. Jónasson og Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur erindi. Að þeim loknum taka frummælendur þátt í pallborðsumræðum um Íslenska menningu eftir Sigurð Nordal og menningu á Íslandi við aldarlok. Úlfar Bragason, forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals, stjórnar umræðunum. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.



Erfðavísindi og skáldskaparfræði

Í síðasta hefti Tímarits Máls og menningar árið 1999 eru þrjár greinar undir yfirfyrirsögninni „Erfðavísindi í aldarlok“. Sigríður Þorgeirsdóttir skrifar um mannskilninginn í fræðum Bjargar C. Þorláksson náttúruheimspekings og lífeðlisfræðings (1874–1934) og spáir því þar að 21. öldin verði öld líffræðinnar. Unnur Karlsdóttir skrifar um viðhorf arfbótasinna til mannsins og hugmyndir þeirra um hlutverk erfðafræðinnar í greininni „Jarðyrkjumenn komandi kynslóða“, en Unnur gaf út bókina Mannkynbætur árið 1998. Loks skrifar Torfi H. Tulinius greinina „Kynlíf, gen, kapitalismi“ þar sem hann fjallar um skáldsöguna Öreindirnar eftir Michel Houellebecq og óvænta, afar gagnrýna sýn hans á kynlífsbýlinguna í vestrænum samfélögum á síðustu áratugum.

Allar þessar greinar eru að stofni til fyrirlestrar af Hugvísindapönginu sem haldið var í Háskóla Íslands í haust sem leið og þaðan kemur einnig grein Svövu Jakobsdóttur rithöfundar (á mynd), „Skáldskapur og fræði“. Þar vinnur hún nánar úr hugmyndum og tilgátum sem hún setur fram í greinasafninu Skyggst á bak við ský sem kom út síðastliðið haust.

Af öðru efni í heftinu má nefna minningargrein Steinunnar Sigurðardóttur um Málfríði Einarsdóttur skáldkonu og grein Jón Sigurðssonar um Jóhannes úr Kötlum í tilefni af því að hundrað ár eru liðin frá fæðingu hans: „– Ég finn ég verð að springa...“ Jón Viðar Jónsson skrifar um Strindberg í tilefni af því að 150 ár eru liðin frá fæðingu hans og spyr: „Hvers vegna hefur Strindberg aldrei komist til Íslands“. Þar rekur hann feril Strindbergs og fjallar um sýningar á verkum hans hér á landi. Einar Már Jónsson skrifar um Öld öfganna eftir Eric Hobsbawm og Svipþing, minningabætti Sveins Skorra Höskuldssonar. Soffía Auður Birgisdóttir skrifar umsögn um Parísarhjóli Sigurðar Pálssonar.

Fremst í heftinu er ljóðið „heimilislíf“ eftir Sjón:

eftir uppvaskið gengur maðurinn fram á hreindýr sem liggur undir sófaborðinu og jörtrar

það verður hans vart og styggist tekur á rás út úr stofunni fram ganginn þar sem það stekkur yfir sandala og stakan kvenskó

hann veitir því efturför inn í svefnherbergið

það skýst undir hjónarúmið

hann fer á fjóra fætur og gáir að því horfir á það sameinast hjörðinni

það baular fallega

og hann hverfur

Önnur skáld heftisins eru John Keats, Linda María Magnúsdóttir, Valdimar Tómasson og James Wright, og þar eru líka tvær stuttar sögur eftir Sindra Freysson.

Ritstjóri Tímarits Máls og menningar er Friðrik Rafnsson.

Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir

